

SKIPULAGSLÝSING

ÍSAFJARÐARBÆR

Tunguhverfi, innri hluti

Deiliskipulag

8. nóvember 2024





SKIPULAGSLÝSING

Skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

og lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021





ÚTGÁFUSAGA:					
NR. ÚTGÁFU	DAGS.	HÖFUNDUR	RÝNT AF	SAMP.	ÚTGÁFUSTAÐA
1	8. nóv. 2024	EBK	GPEy	EBK	Skipulagslýsing



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	1
1.1	TILDRÖG.....	1
1.2	TILGANGUR OG MARKMIÐ.....	1
2	FORSENDUR OG SAMHENGIR SKIPULAGS-GERÐAR	2
2.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	2
2.2	VEÐURFAR	3
2.3	VATNSHLOT	3
2.4	NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR.....	3
2.5	MENNINGARMINJAR	4
2.6	NÁTTÚRUVÁ	5
2.7	AÐALSKIPULAG	5
2.8	DEILISKIPULAG	8
2.9	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.....	8
3	VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR	11
4	UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS	12
4.1	MATSSKYLDA ÁÆTLUNARINNAR	12
4.2	UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHRIFABÆTTIR	12
4.3	VIÐMIÐ OG VÍSAR TIL GRUNDVALLAR UMHVERFISMATI.....	13
4.4	VALKOSTIR	13
4.5	AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT	13
5	SKIPULAGSFERLIÐ	14
5.1	KYNNING OG SAMRÁÐ	14
5.2	TÍMAÁÆTLUN VERKEFNIS.....	14
5.3	UMSAGNARAÐILAR	15
	TILVITNANIR OG HEIMILDIR.....	16



1 INNGANGUR

1.1 TILDRÖG

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir innri hluta Tunguhverfis á Ísafirði. Hvati deiliskipulagsgerðarinnar er augin eftirspurn eftir íbúðarlóðum en fáar lausar lóðir eru í Skutulsfirði. Ytri hluti Tunguhverfis er svo til fullbyggður og úthlutun lóða í Seljalandshverfi er frestað vegna jarðhitaleitar. Fallið hefur verið frá íbúðarbyggð á Suðurtanga með endurskoðun deiliskipulags og breytingu á aðalskipulagi á því svæði og einnig hafa verið samþykktar breytingar á gildandi aðalskipulagi þar sem íbúðarsvæði í Dagverðardal er fellt niður. Með nýju deiliskipulagi er mótuð stefna um frekari uppbyggingu Tunguhverfis til að mæta eftirspurn eftir íbúðarlóðum í Skutulsfirði.

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er gert ráð fyrir íbúðarbyggð í Tunguhverfi en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir innri hluta hverfisins. Á aðliggjandi svæðum eru í gildi deiliskipulög. Deiliskipulagsgerðin kann að leiða til þess að aðlagða þurfi mörk aðliggjandi deiliskipulaga við nýtt skipulag. Slík aðlögun kallar á breytingu á viðkomandi deiliskipulagi og verður kynnt og auglýst samhliða deiliskipulagi þessu.

Deiliskipulagið er unnið í samræmi við 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Tilgangur deiliskipulagsins er að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar í Skutulsfirði.

Markmið Ísafjarðarbæjar með skipulagsgerðinni er að móta vandað nýtt íbúðarhverfi sem tekur mið af aðliggjandi íbúðarbyggð og hefur sterk tengsl við útivistarsvæði í Tungudal sem og náttúru og sögu svæðisins, í samræmi við áherslur gildandi aðalskipulags.

Ísafjarðarbær leggur áherslu á að sjálfbær þróun og hagsmunir íbúa sveitarfélagsins verði hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku um útfærslu íbúðarhverfisins. Með skipulagsgerðinni gefist íbúum og hagaðilum möguleiki á að hafa áhrif á sitt nærumhverfi.

Hvað er skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi er tekin saman lýsing fyrir verkefnið þar sem **gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar** og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina.

Lýsingin er **kynnt opinberlega** og samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að **íbúar og aðrir hagsmunaaðilar**, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, **fái tækifæri til að kynna sér áformin** strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri **athugasemdum** og **ábendingum** um **nálgun** við áætlunargerðina, **viðfangsefni** hennar og **helstu forsendur**.



2 FORSENDUR OG SAMHENGSKIPLAGSGERÐAR

2.1 SKIPLAGSSVÆÐIÐ

Skiplagssvæðið liggur innan við núverandi íbúðarbyggð í Tungudal í Skutulsfirði. Svæðið er um 5 ha að stærð (Mynd 2.1 Mynd) og tilheyrði áður býlinu Tungu.

Stærstur hluti skiplagssvæðisins einkennist af eldri túnum og fyrri landbúnaðarnýtingu en syðst á svæðinu er úthagi. Landið er í 5-20 m hæð yfir sjávarmáli og hallar til norðurs. Hallinn er mestur syðst á svæðinu en meginhluti þess er nokkuð flatur og í 6-13 m y.s. Norðan skiplagssvæðisins rennur Tunguá en ofar í ánni er Tungudalsvirkjun.

Afmörkun skiplagssvæðisins til austurs miðast skiplagsmörk núverandi íbúðarbyggðar í Tunguhverfi. Að öðru leyti liggur svæðið að útivistarsvæðum í Tungudal. Sunnan skiplagssvæðisins er Vestfjarðavegur (60) en helgunarsvæði hans nær ekki til svæðisins. Aðkoma að svæðinu er frá Skutulsfjarðarbraut (Djúpvægi (61)) um Tungubraut í ytri hluta Tunguhverfis.

Norðan og vestan svæðisins er golfvöllur en flatlendi innan skiplagssvæðisins hefur einnig verið nýtt sem golfæfingasvæði. Göngustígar sem tengjast útivistarsvæðum eru bæði norðan og sunnan skiplagssvæðisins. Nokkur skógrækt er í nágrenni svæðisins, einkum sunnan Vestfjarðavegar.

Háspennulína Orkubús Vestfjarða liggur meðfram Vestfjarðavegi milli Tungudalsvirkjunar og tengivirkis við Skutulsfjarðarbraut. Um er að ræða loftlínu á vestasta hluta skiplagssvæðisins en þaðan liggur línan í jörðu við jaðar skiplagssvæðisins. Helgunarsvæði línunnar liggur innan skiplagssvæðisins. Ljósleiðari Snerpu liggur frá Vestfjarðavegi í gegnum skiplagssvæðið að Tungubraut og um svipaða leið liggur vatnsveita

bæjarins.¹ Háspennulína Landsnets liggur um Tungudal nokkru norðan við skiplagssvæðið. Endurnýjun línunnar er á kerfisáætlun Landsnets² og hefur jarðstrengur meðfram Vestfjarðavegi komið til álita en ákvörðun um legu liggur ekki fyrir.



Mynd 2.1 Áætluð afmörkun skiplags innri hluta Tunguhverfis. (Loftmyndir 2016)

¹ Ísafjarðarbær (2024).


² Landsnet (2024).



2.2 VEÐURFAR

Sjálfvirk veðurathugunarstöð (2642) var sett upp á Skeiði 1998. Stöðin er í 16 m hæð yfir sjó.

Algengustu vindáttir eru norðaustan áttir og vestsuðvestan áttir (Mynd 2.2). Vindhraði er mestur í norðaustan og suðvestan áttum en í öðrum áttum er hann jafnan mjög lítil. Vindhraði yfir 15 m/s hefur aðeins mælst í norðaustan og suðvestan áttum á síðustu 20 árum.³ Í ytri hluta Tunguhverfis og á Tunguskeiði getur verið talsverð snjósöfnun í norðaustlægum áttum.



Mynd 2.2 Vindrósir (%) fyrir veðurathugunarstöð á Skeiði tímabilið 2010-2019.(Veðurstofa Íslands (2023))

Úrkoma er fremur lítil á Ísafirði, sértaklega yfir sumarmánuðina, en þá er meðalúrkoman tæpir 40 mm á mánuði (Tafla 2.1). Meðalúrkoma í júní síðustu tuttugu árin var tæpir 30 mm. Meðalúrkoma yfir árið er rúmir 80 mm á mánuði.

³ Veðurstofa Íslands (2023).
⁴ Veðurstofa Íslands (2023).
⁵ Stjórn vatnamála (2024).

Tafla 2.3 Meðalúrkoma á Ísafirði eftir ársfjórðungum, meðaltal árunna 2003-2022.⁴

	Des.-feb	Mars-maí	Júní-ágú.	Sept.-nóv.	Meðaltal
Úrkoma í mm	104,2	67,6	39,7	116,4	82,0

2.3 VATNSHLOT

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlots 101-101-G Skutulsfjörður. Tunguá er í straumvatnshloti 101-125-R.⁵


2.4 NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR

Skipulagssvæðið er utan svæðis á náttúruminjaskrá⁶ en fjörur í botni Skutulsfjarðar, utan skipulagssvæðisins, eru á náttúruminjaskrá (svæði 317). Á skipulagssvæðinu er ekki um að ræða náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar⁷ skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands⁸ er *tún og akurlendi* lang algengasta vistgerðin á skipulagssvæðinu og þekur allan norðurhluta þess (Mynd 2.3). Vistgerðin hefur lágt verndargildi.

Á suðurhluta skipulagssvæðisins eru fjölbreyttari vistgerðir og þær hafa meira verndargildi. *Starungsmýravist* þekur stóran hluta svæðisins en vistgerðin hefur mjög hátt verndargildi. *Língresis- og vingulsvist* og *Lyngmóavist á láglendi* þekja talsverðan hluta þessa svæðis en þær hafa hátt verndargildi. *Starmóavist* er einnig að finna á suðurhluta svæðisins og hún hefur miðlungs verndargildi.

⁶ Umhverfisstofnun (2024).
⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands (2024A).
⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands (2024B).

**Vistgerðakort**

□ Skipulagsmörk

Vistgerðir

F Fjöruvistir

L1.3 Mosamelavist

L1.4 Viðimelavist

L1.5 Sanda- og vikravist

L10.3 Stormóavist

L10.4 Grasmóavist

L10.6 Fjalldrapamóavist

L10.8 Lyngmóavist á láglendi

L11 Birkiskógur

L14.1 Þéttbýli og annað

mannert land

L14.2 Tún og akurlendi

L14.3 Skógrækt

L14.4 Alaskalúpína

L5.3 Hraungambravist

L7.6 Gulstararfitjavist

L8.6 Runnamýravist á

láglendi

L8.9 Starungsmýravist

L9.2 Finnungsvist

L9.3 Bugðupuntsvist

L9.6 Língresis- og vingulsvist

L9.7 Blómgresisvist


Mynd 2.3 Vistgerðir á skipulagssvæðinu. Svört lína sýnir afmörkun skipulagssvæðisins. (Náttúrufræðistofnun Íslands 2024)

⁹ Minjastofnun Íslands (2024).

¹⁰ Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher (2002).

2.5 MENNINGARMINJAR

Fornleifaskráning var unnin fyrir Ísafjarðarbæ árið 2002 og árið 2014 var unnin skráning meðfram Vestfjarðavegi fyrir Landsnet.⁹ Samkvæmt fornleifaskráningu frá 2002 eru 46 skráðar minjar í landi Tungu og eru þrjár þeirra innan skipulagssvæðisins (Mynd 2.4). Um er að ræða tvö óþekkt hús og fjárhús, þ.e. minjar nr. Ís-147:039, Ís-147:040 og Ís-147:041¹⁰ en auk þess er stekkur, nr. Ís-147:015, rétt utan við mörk skipulagssvæðisins¹¹.



Mynd 2.4 Skráðar fornminjar í landi Tungu. (Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher (2002))


¹¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir (2014).



2.6 NÁTTÚRUVÁ

Skipulagssvæðið er í 5-20 m hæð yfir sjó og er utan hættu vegna sjávarflóða eða hækkunar sjávarborðs¹². Ekki er vitað til þess að Tunguá hafi flætt inn á skipulagssvæðið. Svæðið er utan hins virka gosbeltis og því ólíklegt að jarðskjálftar eða eldsumbrot hafi áhrif á landnotkun.

Hættumat vegna ofanflóða hefur verið unnið fyrir skipulagssvæðið (Mynd 2.5). Samkvæmt matinu er Tunguhverfi utan hættusvæða vegna ofanflóða.¹³



Mynd 2.5 Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ. Apríl 2008 (Veðurstofa Íslands (2008)).

¹² Veðurstofa Íslands (2022).

2.7 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn 31. mars 2010 og tók gildi 20. apríl sama ár. Unnið er að heildarendurskoðun þess.

Breyting hefur verið gerð á aðalskipulaginu sem varðar framboð íbúðarlóða í Skutulsfirði og tvær aðrar breytingar hafa verið samþykktar og bíða nú gildistöku.


Breyting sem tekur til íbúðarbyggðar á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar tók gildi 11. júlí 2023. Breytingin felst í allt að 4,5 ha landfyllingu norðan Eyrarinnar þar sem gert er ráð fyrir allt að 150 nýjum íbúðum. Framkvæmdir við landfyllinguna eru á byrjunarstigi.

Með samþykktri breytingu á íbúðarsvæði Í9&Í10 – Dagverðardalur er svæði Í9 fellt niður. Gildandi aðalskipulag gerði ráð fyrir að samanlagður fjöldi íbúða á þessum reitum væri allt að 70 en í breyttu skipulagi er þeim fækkað í 20 íbúðir og aðeins á svæði Í10.

Með samþykktri breytingu á landnotkun á Suðurtanga er íbúðarsvæði Í1 – Suðurtangi fellt niður en þar var gert ráð fyrir allt að 70 íbúðum.

Deiliskipulagssvæðið tekur til vesturhluta svæðis sem er skilgreint sem íbúðarsvæði Í2 – Tunguskeið í gildandi aðalskipulagi (Mynd 2.6). Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 84 íbúðum en það er heildarfjöldi íbúða í öllu Tunguhverfinu. Í dag eru skipulagðar lóðir fyrir 55 íbúðir í ytri hluta hverfisins auk Efri- og Neðri-Tungu. Skv. aðalskipulaginu liggur gönguleið í gegnum hverfið og meðfram suðurjaðri þess. Umhverfis svæðið að norðan, vestan og sunnan er opið svæði til sérstakra nota (Ú9) og austan íbúðarsvæðisins er blönduð landnotkun athafnasvæðis og verslunar og þjónustu (Þ15) skv. gildandi aðalskipulagi.

¹³ Veðurstofa Íslands (2008).



Mynd 2.6 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skjáskot af þéttbýlisupprætti – Ísafjörður. Skipulagssvæðið er afmarkað með rauðri brotalínu.

Stefna gildandi aðalskipulags íbúðarsvæði 12

Fjallað er um íbúðarsvæði í kafla 7.4.2 í gildandi aðalskipulagi. Markmið þess eru:

- Ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis

- Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir því að íbúðarsvæði byggist upp á hættalausum eða hættulitlum svæðum m.t.t. náttúruvár. Skv. ákvæðum gildandi aðalskipulags fyrir íbúðarsvæði 12 - Tunguskeið, Ísafirði er fyrirhuguð áframhaldandi uppbygging í samræmi við deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir einbýlishúsum og raðhúsum. Samtals er gert ráð fyrir 84 íbúðum innan svæðisins í heild. Einnig er heimilt að nýta byggingar í Neðri-Tungu fyrir ferðaþjónustu eða léttu atvinnustarfsemi, auk íbúða. Miðað við núverandi byggð og gildandi deiliskipulagi á svæðinu er heimild fyrir 27 nýjum íbúðum á íbúðarsvæði 12.

Stefna gildandi aðalskipulags um yfirbragð byggðar í þéttbýli

Fjallað er um yfirbragð byggðar í þéttbýli í kafla 7.4.1 í gildandi aðalskipulagi. Markmið þess eru m.a.:

- Áhersla verði lögð á aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi til búsetu. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi

Stefna gildandi aðalskipulags um samgöngur

Í 12. kafla gildandi aðalskipulags er fjallað um samgöngur og markmið varðandi þau eru m.a.:

- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum
- Efla almenningssamgöngur
- Innan þéttbýlissvæða verði áhersla lögð á það að gera net göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum



Markmið um göngu- og hjólaleiðir í kafla 12.2 gildandi aðalskipulag eru:

- *Allir íbúar í þéttbýli hafi greiðan aðgang að öruggum gönguleiðum*
- *Tengja saman einstök hverfi með öruggu stígakerfi sem gegni hlutverki samgangna, auk útivistar*
- *Fyrirkomulag gönguleiða hvetji íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu*
- *Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi*

Í gildandi aðalskipulagi segir að gott aðgengi að göngu- og hjólaleiðum sé mikilvægur þáttur í því að efla lýðheilsu. Einnig að stígakerfið eigi að vera valkostur við aðrar samgönguleiðir og geti þannig stuðlað að heilnæmara umhverfi. Í gildandi aðalskipulagi er því lögð áhersla á að mynda net göngu- og hjólaleiða í og við þéttbýlisstaðina. Áhersla er lögð á það að megingönguleiðir verði færar öllum íbúum, allt árið og ávallt verði leitast við að hafa aðgengi fyrir alla, þar sem því verður við komið. Stefnu um bætt aðgengi fyrir alla er einnig að finna í flestum köflum gildandi aðalskipulags.

Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á útigögn við stíga og að göngu- og hjólaleiðir verði lagðar þannig að jákvæð áhrif frá umhverfinu nýtist sem best en að neikvæð áhrif, eins og frá bílaumferð, verði lágmörkuð. Áhersla er einnig lögð á það að leita öruggra lausna þar sem göngu- og hjólaleiðir þvera stærri umferðargötur. Göngustígar í nágrenni þéttbýlisstaðanna skulu tengjast íbúðarsvæðum og miðbæjum og mynda hringtengingu úti í náttúrunni skv. gildandi aðalskipulagi.

Stefna gildandi aðalskipulags um útivist, opin svæði og íþróttir

Fjallað er um útivist, opin svæði og íþróttir í 10. kafla gildandi aðalskipulags. Markmið þess eru m.a.:

- *Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbærán hátt til útivistar*

- *Allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfa*
- *Aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi efla*
- *Allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri, öruggri og fjölbreyttri íþróttaiðkun með góðri aðstöðu*
- *Opin svæði með góðri íþróttaaðstöðu verði í tengslum við öll hverfi bæjarfélagsins*
- *Í öllum hverfum sveitarfélagsins verði leiksvæði sem stuðli að góðri hreyfingu og útivist*
- *Leitast skal við að varðveita náttúrulegt umhverfi sem leiksvæði við íbúðahverfi*
- *Bæta skal umgengni og viðhald á grænum svæðum*
- *Íþróttir og útivist skulu fara fram í sátt við umhverfið. Auka skal umhverfisvernd og stuðla að jákvæðum viðhorfum til umhverfis*

Í gildandi aðalskipulagi er lögð rík áhersla á aðgengi fyrir alla að íþróttamannvirkjum og útivistarsvæðum, þar sem það á við, og á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar, þannig að allir íbúar geti stundað hreyfingu við sitt hæfi.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir leiksvæðum í öllum hverfum, þau skulu vera þroskandi og stuðla að góðri hreyfingu fyrir fjölbreyttan hóp notenda. Fram kemur að mikilvægt sé að varðveita náttúrulegt landslag og nýta náttúrulegt leiktæki eins og kostur er, þannig að notendur fái sem fjölbreyttasta þjálfun og sérkenni hvers svæðis verði sterk og sem best nýtt. Skv. gildandi aðalskipulagi skal gera ráð fyrir því að leiksvæði geti þjónað tilgangi sem hverfistorg. Almennu skuli miðað við að aðalleiksvæði verði ekki í meira en 500 m fjarlægð frá íbúðum og nærleiksvæði verði ekki í meira en 200 m fjarlægð frá íbúðum. Huga skal að öruggum aðkomuleiðum að



leiksvæðum en leiksvæði innan íbúðarhverfa eru almennt ekki sýnd á uppdrætti gildandi aðalskipulags.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir því að svæðin umhverfis íbúðarhverfi og þéttbýli nýtist til almennrar útivistar. Á þessum svæðum er heimilt að byggja upp skipulögð leik- og útivistarsvæði en leitast skal við að varðveita náttúrulegt landslag eins og kostur er.

Í Tungudal er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu útivistarsvæða og bættari aðstöðu til iðkunar golfs skv. gildandi aðalskipulagi.

Stefna gildandi aðalskipulags um viðbrögð við náttúruvá

Í 3. kafla gildandi aðalskipulags er fjallað um náttúruvá og markmið varðandi þau eru:

- Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvá
- Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá

2.8 DEILISKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir innri hluta Tunguhverfis en tvö deiliskipulög eru í gildi á aðliggjandi svæðum, þ.e. *Deiliskipulag Tunguskeiðs* og *Deiliskipulag útivistarsvæðis í Tungudal*. Einnig eru í gildi *Deiliskipulag Seljalandshverfis* nokkru norðan við skipulagssvæðið og *Deiliskipulag snjóflóðavarna undir Kubba* sunnan Vestfjarðavegar. Auk þess hefur *Deiliskipulag Frístundabyggðar í Dagverðardal* verið samþykkt og bíður gildistöku en það er sunnan Vestfjarðavegar.

Deiliskipulag Tunguskeiðs var samþykkt 29. maí 1998. Deiliskipulagið tekur til ytri hluta Tunguhverfis austan skipulagssvæðisins og uppbyggingarsvæðis við Skutulsfjarðarbraut. Deiliskipulaginu hefur verið breytt níu sinnum og tók síðasta breyting gildi 4. júlí 2023. Í þeim hluta deiliskipulagsins sem tekur til íbúðarbyggðar er gert ráð fyrir 24 einbýlishúsalóðum, 12 parhúsalóðum og

19 raðhúsalóðum fyrir samtals 55 íbúðir. Leiksvæði er austan íbúðarbyggðarinnar. Aðkoma að byggðinni er um Tungubraut sem liggur frá Skutulsfjarðarbraut.

Deiliskipulag útivistarsvæðis í Tungudal var samþykkt 28. ágúst 2006. Markmið deiliskipulagsins er að auka útivistargildi Tungudals og að auðvelda aðgengi almennings að svæðinu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir göngustígum, íþrótta- og leiksvæðum, golfvelli, skrudgarði og skógarsvæðum. Sérstök áhersla er á stígakerfið og tengingu útivistarsvæða við byggðina, m.a. Tunguhverfið. Einnig er gert ráð fyrir undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi undir Vestfjarðaveg til að tengja saman íbúðarhverfin beggja vegna hans. Áhersla er lögð á áningarstaði við stíga sem m.a. geti nýst sem samkomustaðir. Mörk deiliskipulagsins skarast við mörk Tunguhverfis (Tunguskeiðs) eins og það er skilgreint í aðalskipulagi.

Deiliskipulag Seljalandshverfis tekur til íbúðarbyggðar norðan Tunguár. Gert er ráð fyrir 31 íbúðarlóð. Innan hverfisins hefur fundist nýtanlegt heitt vatn og hefur úthlutun lóða á því svæði verið frestað. Fyrirhugað er að breyta deiliskipulaginu vegna jarðhitanýtingar.

Deiliskipulag snjóflóðavarna undir Kubba tekur til ofanflóðavarna og útivistarsvæða við Holtahverfi sunnan Vestfjarðavegar.

Deiliskipulag Frístundabyggðar í Dagverðardal tekur til frístundabyggðar sunnan Vestfjarðavegar. Gert er ráð fyrir 39 frístundalóðum. Deiliskipulagið hefur verið samþykkt en bíður gildistöku.

2.9 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísi um skipulagsmál og stefnu Ísafjarðarbæjar. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind hér að neðan.

Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við



skipulagsgerð sveitarfélaga. Þann 16. maí 2024 samþykkti Alþingi þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.¹⁴ Viðfangsefni landsskipulagsstefnu eru m.a. eftirfarandi samkvæmt þingsályktuninni:

- *Viðbrögð við loftslagsbreytingum*
- *Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæða í byggðu umhverfi*
- *Uppbygging þjóðhagslegra mikilvægra innviða*
- *Orkuskipti í samgöngum og fjölbreyttir ferðamáta*
- *Vernd líffræðilegrar fjölbreytni*

Í framtíðarsýn landsskipulagsstefnu segir að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið. Samkvæmt stefnunni eru meginmarkmið áætlana innviðaráðuneytisins að:

- *Innviðir mæti þörfum samfélagsins*
- *Byggðir og sveitarfélög um allt land verði sjálfbær*

Skv. landsskipulagsstefnu er skipulagi ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks, styðja samkeppnishæfni, vera sveigjanlegt og stuðla að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Eftirfarandi meginmarkmið stjórnvalda í skipulagsmálum eru sett fram í stefnunni:

- *Vernd umhverfis og náttúru*
- *Velsæld samfélags*
- *Samkeppnishæft atvinnulíf*

Eftirfarandi áherslur í landsskipulagsstefnu tengjast skipulagsgerðinni:

- *Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út á lofti, láði og legi.*
- *Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.*
- *Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.*
- *Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.*
- *Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.*
- *Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma.*
- *Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðaðróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðakjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðaþörf.*
- *Skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.*
- *Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi.*
- *Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.*

¹⁴ Alþingi (2024).



- Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.
- Skipulag stuðli að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði með uppbyggingu hagkvæms og vandaðs íbúðarhúsnæðis sem svari þörfum ólíkra félagsþópa.
- Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkjagerðar með betri endingu og bættri efnisnotkun.
- Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.
- Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.
- Skipulag miði að því að auka alþjóðlega samkeppnishæfni landsins um fólk og fyrirtæki með sterkum aðlaðandi borgarsvæðum.

Aðrar áætlanir stjórnvalda

Aðrar áætlanir sem mögulega þarf að taka tillit til við skipulagsgerðina eru eftirfarandi.

LANDSLAGSSAMNINGUR EVRÓPU¹⁵

Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda Evrópska landslagssamninginn. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.

MENNINGARSTEFNA Í MANNVIRKJAGERÐ¹⁶

Í menningarstefnu í mannvirkjagerð er lögð áhersla m.a. á verndun ósnortins lands, byggingararfs og aðlögun mannvirkja að landslagi sem og gæði þeirra.

VATNAÁÆTLUN 2022-2027¹⁷

Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA 2020-2024¹⁸

Áætlunin er stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag, umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.

¹⁵ Council og Europe Landscape Convention (2000).

¹⁶ Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2014).

¹⁷ Umhverfisstofnun (2022).

¹⁸ Vestfjarðarstofa (2023).



3 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Deiliskipulagið byggir á stefnu aðalskipulagsins um íbúðarbyggð og yfirbragð byggðar í þéttbýli ásamt tengslum hennar við samgöngur og útivist. Í deiliskipulaginu verður útfærð stefna um uppbyggingu innri hluta Tunguhverfis, fyrirkomulag umferðar- og dvalarsvæða og samspil þess við aðliggjandi byggð og útivistarsvæði. Teknar verða ákvarðanir og settir skilmálar um þætti eins og yfirbragð og gæði byggðar, verndun menningarminja, staðsetningu og umfang bygginga, götumynd, hljóðvist, ljósvist, almenningssrými, algilda hönnun, göngu- og hjólaleiðir, götur og umferðaröryggi, sbr. viðfangsefni og efnistöð deiliskipulags í gr. 5.3.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Fjölbreyttum aðferðum verður beitt við mótun deiliskipulagsins og m.a. verður eftir því sem þurfa þykir bornir saman ólíkir valkostir um útfærslu.

Deiliskipulagið verður sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

Áherslur við deiliskipulagsgerðina

Áhersla er lögð á eftirfarandi þætti við skipulagsgerðina:

- Aðlaðandi íbúðarhverfi með fjölbreyttar lóðir fyrir raðhús, parhús og einbýli.
- Uppbygging falli vel að landslagi og að sérkenni svæðisins fái notið sín.
- Uppbygging falli vel að aðliggjandi byggð og neikvæð áhrif á hana verði lágmörkuð.
- Aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi.
- Dvalarsvæði og almenningssrými.
- Algild hönnun – aðgengi fyrir alla.
- Sterk tengsl hverfisins við önnur íbúðarsvæði í Firðinum.
- Sterk tengsl við útivist og útivistarsvæði.
- Tillit tekið til menningarminja og sögu svæðisins.

- Blágrænar ofanvatnslausnir.
- Hugað að skuggavarpi og útsýni.
- Hugað að lýsingu og myrkurgæðum.
- Hugað að vindálagi og skjólmyndun.
- Hugað að mögulegri snjósöfnun og möguleikum til snjóruðnings.
- Öruggar gönguleiðir um hverfið og að öðrum bæjarhlutum.
- Öruggar hjólaleiðir að öðrum bæjarhlutum.
- Umferðaröryggi.
- Aðgerðir til að lágmarka neikvæð áhrif af umferð um Vestfjarðaveg.

Lögð verður áhersla á að ferlið verði opið og vandað verði til allrar upplýsingagjafar til íbúa við gerð deiliskipulagsins. Lögð verður áhersla á vandaða samráðsvinnu og nýttar viðeigandi aðferðir til að virkja íbúa til þátttöku.



4 UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS

Hvað er umhverfismat áætlana

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og **nýta niðurstöður** matsins til að **draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum** þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem **hluta af skipulagsáætlunum** sveitarfélaga (svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda og í 12. gr. skipulagslaga.

4.1 MATSSKYLDA ÁÆTLUNARINNAR

Deiliskipulagsgerðin fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Áhrif deiliskipulagsins verða metin samhliða gerð skipulagsins og mið tekið af niðurstöðum matsins við útfærslu þess. Umhverfismatsskýrsla verður hluti af greinargerð skipulagsins.

4.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHRIFAPÆTTIR

Áhrifavaldar eða áhrifapættir eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif skipulagsins og hámarka þau jákvæðu. Í töflunni hér að neðan

(Tafla 4.1) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu deiliskipulagsins. Val umhverfisþáttanna byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur sem liggja fyrir við upphaf vinnu við gerð deiliskipulagsins.

Tafla 4.1 Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsins.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Líffræðileg fjölbreytni, vatnafar, vatnalíf, loftslag, jarðvegur og landslag	Uppbygging íbúðarhverfis er líkleg til að hafa áhrif á náttúrufarslega þætti á skipulagssvæðinu. Uppbygging hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda. Uppbygging kann að hafa áhrif á vatnafar og vatnalíf.
Menningarminjar og yfirbragð byggðar	Menningarminjar og bæjarlandslag	Möguleg áhrif á menningarminjar. Breytingar á landslagi og ásýnd svæðisins.
Hagrænir þættir og innviðir	Íbúar, efnisleg verðmæti	Uppbygging íbúða og fjölgun íbúa, styrking nærþjónustu o.fl. Áhrif af styrkingu göngu- og hjólaleiða. Áhrif á aðra landnýtingu.
Heilsa og öryggi	Næmni fyrir hættu á náttúruhamförum, heilbrigði manna og útivist	Aðgengi að útivist og útivistarsvæðum. Öryggi á aðkomu- og dvalarsvæðum. Umferðaröryggi.



4.3 VIÐMIÐ OG VÍSAR TIL GRUNDVALLAR UMHVERFISMATI

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Miðað verður við viðeigandi vísa og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin byggja á Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og öðrum áætlunum á landsvísu, auk markmiða viðeigandi laga.

4.4 VALKOSTIR

Í deiliskipulagsvinnunni verða metnir og skoðaðir eftirfarandi valkostir um útfærslur og skipulagsákvæði:

- Ekki verði að frekari íbúðaruppbyggingu og svæðið nýtt til útivistar.
- Uppbygging lágreistrar íbúðarbyggðar og með áherslu á tengsl við útivistarsvæði, sögu og náttúru svæðisins.
- Uppbygging þéttrar og háreistrar íbúðarbyggðar.

4.5 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT

Við umhverfismatið verður stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og aflað verður við undirbúning skipulagsgerðarinnar. Þá verður einnig leitað til sérfróðra aðila, stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

Framsetning umhverfismats verður í formi matstafla og/eða texta og verður hluti af greinargerð deiliskipulagsins.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnin byggir á leiðbeiningum

Skipulagsstofnunar¹⁹ og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér að neðan (Tafla 4.2).

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort uppbygging skv. útfærslu í skipulagi eða aðrir valkostir styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem viðeigandi umhverfisviðmið fela í sér. Skilgreindar eru matsspurningar til að greina það.

Tafla 4.2 Vægiseinkunn fyrir umhverfismat áætlunar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

¹⁹ Skipulagsstofnun (2007).



5 SKIPULAGSFERLIÐ

Í þessum kafla er stutt lýsing á skipulagsferlinu, kynningu og samráði og hvernig fyrirhugað er að standa að gerð deiliskipulagsins.

5.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagið er kynnt í Skipulagsgáttinni þar sem almenningi og umsagnaraðilum gefst færi á að gera athugasemdir eða koma á framfæri ábendingum. Einnig verður hægt að senda inn umsagnir með tölvupósti á skipulag@isafjordur.is eða bréfleiðis til skipulagsfulltrúa.

Kynning skipulagslýsingar

Kynning skipulagslýsingar verður í samræmi við gr. 5.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsingin verður kynnt í Skipulagsgáttinni en hana verður einnig hægt að nálgast á vef Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is. Hún verður auk þess auglýst í fréttamiðli. Samhliða þessu verður lýsingin send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

Kynning tillögu að skipulagi og gildistaka

Drög að nýju deiliskipulagi verða unnin í samræmi við skipulagslýsinguna, framkomnar athugasemdir og þau kynnt fyrir almenningi. Skipulagsdrögin verða aðgengileg í Skipulagsgáttinni og á vef Ísafjarðarbæjar. Að lokinni kynningu verður unnin tillaga að nýju deiliskipulagi í samræmi við framkomnar athugasemdir og þær, ásamt skipulagstillögu, lagðar fyrir bæjarstjórn. Að því loknu verður tillagan auglýst með sex vikna athugasemdafresti í samræmi við skipulagslög. Þegar deiliskipulagið hefur verið samþykkt í bæjarstjórn verður gildistaka þess auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

5.2 TÍMAÁÆTLUN VERKEFNIS

Tímaáætlunin miðast við að skipulagslýsingin verði kynnt eftir miðjan nóvember 2024. Gert er ráð fyrir að vinnslutillaga verði auglýst í febrúar og að skipulagstillaga verði auglýst í maí – júní 2025. Gert er ráð fyrir að nýtt deiliskipulag geti tekið gildi í haustið 2025.

Tafla 5.1 Tímaáætlun deiliskipulagsgerðar.

Verkpáttur	Tímaáætlun
Skipulagslýsing samþykkt í bæjarstjórn	Nóvember 2024
Skipulagslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum	Nóvember 2024
Drög að deiliskipulagi á vinnslustigi kynnt almenningi	Febrúar 2025
Tillaga að deiliskipulagi samþykkt í bæjarstjórn	Apríl 2025
Tillaga að deiliskipulagi auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti	Maí – júní 2025
Deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn	Júlí 2025
Samþykkt deiliskipulag og afgreiðsla bæjarstjórnar send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar	Ágúst 2025
Samþykkt bæjarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda	September 2025



5.3 UMSAGNARAÐILAR

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulagslýsingin verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
- Orkubú Vestfjarða
- Snerpa
- Míla
- Isavia
- Landsnet
- Skógræktarfélag Ísafjarðar
- Golfklúbbur Ísafjarðar
- Hverfisráð Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis

Við skipulagsgerðina verður einnig leitað til annarra samtaka, stofnana, fagaðila og einstaklinga eftir því sem viðfangsefnið gefur tilefni til.



TILVITNANIR OG HEIMILDIR

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Gildistaka 20. apríl 2010.

Council og Europe Landscape Convention (2000). *Evrópusamningur um landslag*. Sótt 6. nóv. 2024 af <https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=09000016802f3fb0>.

Ísafjarðarbær (2024). *Kortavefsjá Ísafjarðarbæjar*. Sótt 6. nóv. 2024 af <https://www.map.is/isafjordur/>.

Landsnet (2024). *Kerfisáætlun 2023-2032*.

Landskipulagsstefna 2024-2038. Samþykkt 16. maí 2024.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir (2014). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra breytinga á Ísafjarðarlínu í Skutulsfirði og Öndarfirði*. Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 8-14.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2014). *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt 4. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>.

Minjastofnun Íslands (2024). *Minjavefsjá*. Sótt 7. nóv. 2024 af <https://minjastofnun.gis.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands (2024A). *Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja*. Sótt 7. nóv. 2024 af <https://serstokvernd.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands (2024B). *Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Sótt 7. nóv. 2024 af <http://vistgerdakort.ni.is/>.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher (2002). *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar*

og Kirkjuból. Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NVNR8/02.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun (2007). *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Sótt 8. maí 2023 á <https://www.skipulag.is/>.

Skipulagsstofnun (2023). *Mannlíf, byggð og bæjarrými. Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli*. Vinnslutillaga.

Stjórn vatnamála (2024). *Upplýsingar um vatnshlot*. Sótt 7. nóv. 2024 af <https://vatnavefsja.vedur.is/>.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2020). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030*. Júní 2020. Sótt 29. febrúar 2024 af <https://www.stjornarradid.is/>.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021). *Í ljósi loftslagsvárs – Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum*. September 2021. Sótt 29. febrúar 2024 af <https://www.stjornarradid.is/>.

Umhverfisstofnun (2022). *Vatnaáætlun Íslands 2022-2027*.

Umhverfisstofnun (2024). *Náttúruminjasráð*. Sótt 6. nóv. 2024 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfiridir/>.

Veðurstofa Íslands (2008). *Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ*. Ísafjörður. Hættumatskort.

Veðurstofa Íslands (2022). *Mat á endurkomutíma óveðursflóða reiknað með Delft3D-FM*. Ví 2022-009.

Veðurstofa Íslands (2023). *Veðurstöð 2642 - Ísafjörður. Upplýsingar um veðurfar*.

Vestfjarðastofa (2024). *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Endurskoðaðar dherslur 2023*. Sótt 7. nóv. 2024 af <https://www.vestfiridir.is/>.